

# Minnisblað

---

<b>Dagsetning:</b>	20. nóvember 2020
<b>Verkkaupi:</b>	Sveitarfélagið Suðurland
<b>Efni:</b>	Tillaga verkefnishóps til sveitarstjórna
<b>Viðtakandi:</b>	Sveitarstjórnir Ásahrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps
<b>Sendandi:</b>	Verkefnishópur Sveitarfélagsins Suðurland

---

## Forsaga

Þann 17. október 2019 lagði sveitarstjórn Mýrdalshrepps til við sveitarstjórnir Ásahrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps að skipaður yrði verkefnishópur til að kanna kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna. Erindið var samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og hver sveitarstjórn skipaði þrjá fulltrúa í verkefnishópinn sem tók til starfa 13. desember 2019. Verkefnið hefur hlotið verkefnisheitið „Sveitarfélagið Suðurland“.

## Markmið verkefnishópsins

Markmið verkefnishópsins var að leggja mat á það hvort hag íbúa sveitarfélaganna væri betur borgið í sameinuðu sveitarfélagi en í núverandi sveitarfélagaskipan. Til að svara þeirri spurningu var lagt mat á áhrif mögulegrar sameiningar á rekstur sveitarfélaganna, þjónustu, fjármál, gjalddöku, skattlagningu og fleira sem varðar starfsemi sveitarfélaganna. Skipaðir voru starfshópar til að kortleggja stöðu, tækifæri, áskoranir og mögulega framtíðarsýn í málaflokkum. Einnig var leitað eftir sjónarmiðum íbúa á opnum íbúafundum og í könnun á viðhorfi þeirra til sameiningar.

## Niðurstaða og tillaga

Að lokinni skoðun á áhrifum mögulegrar sameiningar á starfsemi sveitarfélaga á svæðinu hefur verkefnishópurinn komist að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til að ætla að fleiri kostir séu við sameiningu sveitarfélaganna en ókostir fyrir íbúana. Niðurstöður umræðna á íbúafundum og viðhorfskönnunar gefa vísbendingar um að vilji íbúanna sé að málið verði skoðað betur og þeim gefinn kostur á að kjósa um sameiningu.

Verkefnishópurinn leggur því til við hlutaðeigandi sveitarstjórnir að þær samþykki að hefja könnun á möguleikum á sameiningu sveitarfélaganna skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með fyrirvara um samþykki allra þeirra sveitarstjórna sem aðild eiga að „Sveitarfélaginu Suðurlandi“.

Verkefnishópurinn leggur einnig til við sveitarstjórnirnar að þær lýsi því yfir, áður en til sameiningarkosninga kemur, að þær muni ekki nýta heimild í 2. mgr. í 120. gr. sveitarstjórnarlaga, komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna, nema að undangengnu samráði við íbúa. Í því felst að hafni íbúar einhvers sveitarfélaganna tillögu um sameiningu í kosningum, munu aðrar sveitarstjórnir ekki taka ákvörðun um sameiningu þeirra sveitarfélaga án þess að hafnar verði nýjar sameiningarviðræður og kosið að nýju.

## Fylgiskjöl:

- Niðurstöður viðhorfskönnunar Zenter
- Samantektir og umræður frá íbúafundum
- Minnisblöð starfshópa